

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1202**

2024/EES/11/31

frá 21. júní 2023

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 57. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 ⁽²⁾ er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽³⁾.
- 2) Indland upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi afturkallað faggildingu eftirlitsaðilanna „APOF Organic Certification Agency“ (AOCA- IN-ORG-002), „Bhumaatha Organic Certification Bureau“ (BOCB-IN-ORG-034) og „Karnataka State Organic Certification Agency“ (IN-ORG-027) og fellt faggildingu eftirlitsaðilans „Faircert Certification Services Pvt Ltd“ (IN-ORG-023) tímabundið úr gildi.
- 3) Japan upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi afturkallað faggildingu eftirlitsaðilanna „Japan Grain Inspection Association“ (JP-BIO-039) og „OCIA Japan“ (JP-BIO-008).
- 4) Japan upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi viðurkennt eftirlitsaðilann „Japan Association for Inspection and Investigation of Food Including Fats and Oils“ (JP-BIO-042).
- 5) Lýðveldið Kórea hefur óskað eftir því að framkvæmdastjórnin viðurkenni „National Agricultural Products Quality Management Service“ sem lögbært yfirvald auk „Ministry of Agriculture, Food and Rural Affairs“.
- 6) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum. Í ljósi nýrra upplýsinga og beiðna sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var samþykkt ætti að gera tilteknar breytingar á þeirri skrá.
- 7) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Albinspekt bio.inspecta“ um að afturkalla viðurkenningu þess að því er varðar öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir vegna samruna þess við „Bio.inspecta AG“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 159, 22.6.2023, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjttíð. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjttíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

- 8) Nokkrar sendingar af vörum sem fluttar voru inn frá Indlandi og Egyptalandi, sem „Biocert International Pvt Ltd“ vottaði sem lífrænar, voru mengaðar af völdum vara og efna sem ekki eru leyfð í lífrænni framleiðslu og/eða hefðbundinni framleiðslu í Sambandinu, þ.m.t. etýlenoxíði, sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og hafa eiturrhif á æxlun. Þetta hefur leitt til nokkurs fjölda tilkynninga í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap (OFIS). Þau gildi mengunar sem greindust í sendingunum hafa alla jafna farið yfir þau hámarksgildi leifa fyrir etýlenoxíð sem eru fastsett með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽⁴⁾.
- 9) Enn fremur hefur „Biocert International Pvt Ltd“ ekki getað sýnt fram á að lífrænt ræktaðar vörur, sem fluttar eru inn undir eftirliti þess, hafi verið framleiddar í samræmi við framleiðslureglur og falli undir fyrirkomulag eftirlits sem er jafngilt því sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ⁽⁵⁾ og (EB) nr. 1235/2008 ⁽⁶⁾.
- 10) Biocert hefur ekki heldur getað sýnt fram á að allir rekstraraðilar sem sæta eftirliti af hálfu „Biocert International Pvt Ltd“ hafi fallið undir eftirlitsráðstafanir sem eru jafnskilvirkar og að slíkum eftirlitsráðstöfunum hafi verið beitt að staðaldri og á skilvirkan hátt í samræmi við b-lið 1. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 11) Að auki hefur „Biocert International Pvt Ltd“ ekki gert viðunandi ráðstafanir til úrbóta til að bregðast við frávikum og brotum sem hafa komið í ljós.
- 12) Loks upplýsti faggildingaraðilinn IOAS framkvæmdastjórnina um afturköllun ISO/IEC 17065 faggildingar sinnar að því er varðar „Biocert International Pvt Ltd“ vegna allra vöruflokka og í öllum þriðju löndum sem það var faggilt fyrir vegna þess að ekki var farið að fyrri viðurlögum, gripið til þeirra sértæku aðgerða sem krafist var og ráðin bót á frávikum.
- 13) Af þeim ástæðum sem settar eru fram í 8.–12. forsendu hér að framan og í samræmi við v. og vii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 ⁽⁷⁾ ætti að fella „Biocert International Pvt Ltd“ brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.
- 14) „Ecogrupo Italia“ upplýsti framkvæmdastjórnina um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Indocert“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Kambódíu.
- 16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Albaníu, Banglades, Belarús (Hvíta-Rússland), Bútan, Kúbu, Eþíópíu, Gíneu-Bissaú, Indland, Íran, Kósovó, Mongólíu, Nepal og Pakistan. Að auki upplýsti „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ framkvæmdastjórnina um breytingu á veffangi sínu.
- 17) „Organic Standard“ upplýsti framkvæmdastjórnina um breytingu á veffangi sínu.
- 18) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

⁽⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

- 1) Í töflunni í 5. lið í færslunni fyrir „**INDLAND**“ falla línurnar fyrir kenninúmerin IN-ORG-002, IN-ORG-023 og IN-ORG-034 brott.
- 2) Í færslunni fyrir „**JAPAN**“ er töflunni í 5. lið breytt sem hér segir:
 - a) Línurnar fyrir kenninúmerin JP-BIO-008 og JP-BIO-039 falla brott.
 - b) Eftirfarandi línu er bætt við:

„JP-BIO-042	Japan Association for Inspection and Investigation of Food Including Fats and Oils	www.syken.or.jp“
-------------	--	------------------

- 3) Í stað 4. liðar í færslunni fyrir „**LÝÐVELDIÐ KÓREU**“ kemur eftirfarandi:
 - „4. Lögbær yfirvöld: Ministry of Agriculture, Food and Rural Affairs, www.enviagro.go.kr/portal/en/main.do og National Agricultural Products Quality Management Service (NAQS), www.naqs.go.kr/eng/main/main.do“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

- 1) Færslan fyrir „**Albinspekt bio.inspecta**“ fellur brott.
- 2) Færslan fyrir „**Biocert International Pvt Ltd**“ fellur brott.
- 3) Í stað 1. liðar í færslunni fyrir „**Ecogrupo Italia**“ kemur eftirfarandi:
„1. Heimilisfang: Via Siracusa angolo Via Merano 95037 – San Giovanni La Punta/Catania. Ítalía“.
- 4) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Indocert**“ fellur línan fyrir Kambódíu brott.
- 5) Færslunni fyrir „**Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH**“ er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:
„2. Veffang: www.kiwa.de/bio“.
 - b) Í töflunni í 3. lið falla línurnar fyrir Albaníu, Banglades, Belarús (Hvíta-Rússland), Bútan, Kúbu, Eþíópíu, Gíneu-Bissaú, Indland, Íran, Kósovó, Mongólíu, Nepal og Pakistan brott.
- 6) Í stað 2. liðar í færslunni fyrir „**Organic Standard**“ kemur eftirfarandi:
„2. Veffang: <http://www.organicstandard.ua>“.